

Gjaldskrá

um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar, sbr. auglýsingu kirkjuþings nr. 2/2021.

1. gr.

■ Prestum ber greiðsla þóknunar fyrir þá þjónustu sem greinir í gjaldskrá þessari.

Þóknun reiknast í einingum og er verð hvernar einingar hið sama og verð eininga í gildandi kjarasamningi Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu og Prestafélags Íslands hverju sinni.

2. gr.

■ Greiða ber prestum fyrir þjónustu sem hér greinir:

Þjónusta	Einingar	Fjárhæð
a. Skírín, sem ekki fer fram í guðsþjónustu	0,7 ein.	kr. 7.418
b. Fermingarfræðsla	2,0 ein.	kr. 21.194
c. Hjónavígsla	1,3 ein	kr. 13.776
d. Kistulagning	0,8 ein.	kr. 8.478
e. Útför	2,6 ein.	kr. 27.552
f. Jarðsetning duftkers eða kistu, sem ekki er í beinu framhaldi af útför	0,8 ein.	kr. 8.478
g. Vottorð um þjónustu prests	0,2 ein.	kr. 2.119

3. gr.

■ Þóknun vegna þjónustu samkvæmt 2. gr. greiðir sá sem þjónustunnar beiðist.

4. gr

- Ferðakostnað prests vegna þjónustu samkvæmt 2. gr. greiðir sá sem beiðist verksins.
- Akstursgjald miðast við sama gjald og ríkisstarfsmenn fá greitt hverju sinni samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins.
- Presti ber að upplýsa greiðendur fyrirfram um ferðakostnað.
- Ekki skal greiða ferðakostnað vegna fermingar.

5. gr.

- Vottorð vegna meðlagsgreiðslu með barni og vottorð að beiðni sveitarstjórna, opinberra stofnana og annarra stjórnvalda gefur prestur út án endurgjalds.
- Presti er enn fremur skylt að gefa út vottorð án endurgjalds um skírni og hjónavígslu, enda vitji hlutaðeigandi þess innan viku frá athöfn.

6. gr.

- Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. september 2021 og gildir til 31. mars 2023. Frá sama tíma fellur brott Gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar nr. 933/2020.

Reykjavík, 31. ágúst 2021.

Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings.